

Ó, HELGA NÓTT

Jólin með Mótettukórnum



FRÍKIRKJUNNI Í REYKJAVÍK, SUNNUDAGINN 19. DESEMBER 2021 KL. 17

FLYTJENDUR:
MÓTETTUKÓRINN
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR, SÓPRAN
LÁRA BRYNDÍS EGGERTSDÓTTIR, ORGEL
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON





Efnisskrá

Kom þú, kom, vor Immanúel

Fornt andstef, Róbert Abraham Ottósson (1912–1974)
útsetti

Nóttin var sú ágæt ein

Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946), forspil og yfirrödd eftir
Atla Heimi Sveinsson (1938–2019)

María fer um fjallaveg

Johannes Eccard (1553–1611)

Einu sinni í ættborg Davíðs

Henry John Gauntlett (1805–1876), Sir David Willcocks
(1919–2015) útsetti og samdi yfirrödd
Einsöngur: María Konráðsdóttir

Betlehemsstjarnan

Áskell Jónsson (1911–2002)
— Herdís Anna Jónasdóttir syngur

Mig huldi dimm og döpur nótt

Johannes Eccard (1553–1611)

Hin fegursta rósin er fundin

Úr sálmabók Josephs Klugs, Michael Praetorius (1571–
1621) útsetti
Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir

I know that my Redeemer liveth

úr Messíasi, HWV 56
Georg Friedrich Händel (1685–1759)
— Herdís Anna Jónasdóttir syngur

Jólagjöfin

Hörður Áskelsson (f. 1953)

O magnum mysterium

Morten Lauridsen (f. 1943)

Wexford Carol

Írskt þjóðlag fornt
Einsöngur: Arnar Freyr Kristinsson

Það aldin út er sprungið

Þýskt lag, Michael Praetorius útsetti

Opin standa himins hlið

Franskt lag, Charles Wood (1866–1926) útsetti

Ó, helga nótt

Adolphe Adam (1803–1856)
— Herdís Anna Jónasdóttir syngur

Guðs kristni í heimi

Lag eignað John Francis Wade (1711–1786), Sir David
Willcocks útsetti og samdi yfirrödd
— Herdís Anna Jónasdóttir syngur

Herdís Anna Jónasdóttir, sópran, hleypur í skarðið fyrir
Þórgunni Önnu Örnólfsdóttur, mezzósópran, sem vera
átti einsöngvari á tónleikunum en forfallaðist vegna
veikinda. Herdís Önnu eru þökkuð snör viðbrögð en
Þórgunni óskað góðs bata.



Góðir tónleikagestir!

Mótettukórinn býður ykkur velkomin á jólatónleika sína á þessum eftirminnilegu tímum. Jólatónleikarnir féllu niður í fyrri vegna heimsfaraldursins en eru nú haldnir á nýjum stað, Fríkirkjunni í Reykjavík, við upphaf 40. starfsárs kórsins. Í ár voru valin nokkur jólalög sem hafa fylgt kórnum lengi til að minnast með gleði þeirra fjórutíu ára sem að baki eru. Við horfum með eftirvæntingu til þeirra sem eru fram undan.

Tónleikarnir hefjast á fornu andstefi, **Kom þú, kom, vor Immanúel**. Hinn sungni latínutexti er frá miðöldum, mögulega frá 12. öld eða fyrr, en lagboðinn var ekki notaður með honum fyrr en á 19. öld. Uppruni lagboðans er ekki fyllilega ljós en í honum er klausturandi miðalda, þar er flöktandi kertaljós og reykelsisreykur sem liðast um. *Kvæði af stallinum Kristí* eftir séra Einar Sigurðsson í Eyðölum, sem hefst á orðunum **Nóttin var sú ágæt ein**, er meðal þekktustu trúarkvæða sem ort voru eftir siðaskipti. Það er ekki síst að þakka Sigvalda Kaldalóns og fagurri tónsetningu hans, en mögulega einnig viðlaginu

um vísnaðsönginn við vögguna, sem er eftirminnileg mynd. Yfirródd Atla Heimis Sveinssonar er nánast orðin óaðskiljanlegur hluti þessarar tónsmíðar og gerir fagurt fegurra. Tónskáldið Johannes Eccard var samtímamaður skáldsins Einars í Eyðölum. Verk hans, **María fer um fjallaveg**, er upphafið síðendurreisnarverk um vitjun Maríu meyjjar er hún heimsótti Elísabetu frændkonu sína, og voru þær báðar þungaðar; María gekk með Jesú Krist en Elísabet með Jóhannes skírara. Í samtali þeirra fer María með orð sem síðan eru nefnd *Magnificat* á latínu og oft hafa verið tónsett, þar sem María segir að önd hennar mikli Drottin. **Einu sinni í ættborg Davíðs** er með þekktustu jólasálmum á ensku, ekki síst vegna þess að jólaguðsþjónustan *Festival of Nine Lessons and Carols* hefst á honum. Hún er send út í beinni útsendingu frá Cambridge á Englandi á aðfangadag ár hvert. Nokkrum sekúndum áður en útsending hefst bendir kórstjóri á þann kódræng sem á að syngja upphafssóló. Drengjunum finnst að þeir beri allir ábyrgð á einsöngnum vikurnar fyrir útsendinguna því að hver sem er geti orðið fyrir valinu — einn fyrir alla og allir fyrir einn. **Betlehemsstjarnan**

eftir Áskel Jónsson, föður Harðar Áskelssonar, stjórnanda Mótettukórsins, er hægferðug en dramatísk tónsmíð, laglínan er áleitin og eftirminnileg. Kvæðið er þrungið innileika og minnir á að fyrirheit jólnanna er að myrkur breytist í ljós. Það er einnig yrkisefnið í verki Johannesar Eccards, **Mig huldi dimm og döpur nótt**. Síðendurreisnarhljómar verða varla unaðslegri; í fyrri helmingi ríkir myrkur og dauðinn er alltumlykjandi, en síðan rennur sólin upp í öllu sínu veldi (styrkleikabrigðin í söngnum undirstrika þetta) og boðar líf og frelsi. Önnur perla síðendurreisnarinnar, að vísu í dönskum 18. aldar búningi, fylgir í humátt á eftir. Það er **Hin fegursta rósín er fundin**. Lagið er þýskt, frá 16. öld, en til Íslands komið löngu síðar um Danmörku, eins og margt annað í íslenski menningu. Kvæðið orti danska 18. aldar sálmaskáldið Brorson, sem þar í landi er á stalli með þeim Kingo og Grundtvig. Sálmurinn um rósina er meðal ástsælustu jólasálmna Dana. Herdís Anna Jónasdóttir syngur þessu næst einsöng í **I know that my Redeemer liveth** úr Messíasi eftir Händel. Textinn er tekinn úr Jobsbók og fyrri Korintubræfi. Brotið úr Jobsbók túlka kristnir menn sem spásögn um Jesú Krist. Legið gæti nærri að slík aría væri hástemmdur sigursöngur við undirleik lúðra, en þess í stað er hún eins og hljóðlát þakkarbæn. Styttu Händels við gróf hans í Westminster Abbey heldur á nótnablaði með upphafi þessarar aríu. **Jólagjöfin** eftir Hörð Áskelsson er glaðleg og björt tónsmíð, en stöku sinnum bregður fyrir vetrarskuggum sem leysast fljótt upp. Ljóðmælandinn virðist horfa út í íslenskan vetrarsorta, en sér síðan atburði jólanætur í leiftursýn. Jólagjöf kvæðisins, sem hann finnur þar á völlum, er hjarta Jesú. Texti næsta verks, **O magnum mysterium**, er einnig jólanæturlysing, en ívið eldri. Það er víxlsöngur frá miðöldum um hinn mikla leyndardóm sem fæðing frelsarans er. Tónsmíðin er ekki frá miðöldum þó heldur árinu 1994. Höfundurinn, Morten Lauridsen, er innfæddur Bandaríkjamaður en á danska forfeður. Tónmál hans er nútímalegt en samt er sitthvað sem vísar til fyrri alda í þessu verki; áferð, hljómar og stemning virðast eiga þar

óræðan uppruna. Jólakvæðið frá Wexford-sýslu á Írlandi, **Wexford Carol**, telja margir fornt þótt flest sé á huldu um nákvæman aldur. Wexford er á suðausturhorni Írlands; þar stofnuðu norrænir menn bæ við upphaf 9. aldar og nefndu Veisafjörð, sem þýðir ‚mýrafjörður‘. Wexford er dregið af því. Þjóðkvæðið er endursögn og útlekking á jólaguðsþjallinu. Enska tónskáldið John Rutter hefur útsett þjóðlagið írsku vel sem nokkurs konar samtal einsöngvara, einstakra kórraða og kórsins í heild. **Það aldin út er sprungið** er þýskt lag frá 16. öld sem Michael Praetorius útsetti. Praetorius var ein af aðalpersónum söngbyltingar siðaskiptanna þegar ákveðið var að safnaðarsöngur skyldi verða ein af meginstöðum hinnar lúthersku guðsþjónustu. Þó er kvæðið sem Praetorius útsetti kaþólskur Maríusálmur, *Es ist ein Ros entsprungen*; aldinið — sem Matthías Jochumsson þýðir svo — af Jesse róst sem út er sprungið er María mey, sú sem fæddi Jesú Krist. **Opin standa himins hlið** er franskt danslag af veraldlegum toga frá 16. öld. Það varð ekki að jólagagi fyrr en árið 1924 þegar George Ratcliffe Woodward orti við það jólakvæði og birti í bók í útsetningu Charles Woods undir titlinum *Ding Dong Merrily on High*. Hefur það farið víða um lönd í þeim búningi. Eitt þekktasta jólagag Frakka (án nokkurrar aðkomu Engendinga) er **Ó, helga nótt** eftir Adolphe Adam, samið í bosmamiklum óperustíl 19. aldar enda Adam óperutónskáld. Þar svífur yfir vötnum andi dramatískrar tilbeiðslu og ákalls, og vel við hæfi að óperusöngvari syngi þar einsöng. Tónleikunum lýkur á **Guðs kristni í heimi**. Lag og texti hefur verið eignaður ýmsum mönnum á ýmsum tímum, en oft er John Francis Wade skrifaður fyrir hvoru tveggja, enda birtist það fyrst undir hans nafni árið 1751. Kvæðið, *Adeste fideles*, orti hann á latínu. Hefur þetta orðið einn þekktasti jólasálmur í heimi.

Mótettukórinn óskar ykkur gleðilegra jóla!

Atli Freyr Steinþórsson

Kom þú, kom, vor Immanúel

Fornt andstef, Róbert Abraham Ottósson útsetti. Latneskur sálmur, Sigurbjörn Einarsson þýddi.

Kom þú, kom, vor Immanúel,
og leys úr ánauð Ísrael,
lýðinn þinn sem í útleigð er,
og hlekki ber uns sjálfan þig hann sér.
Ó, fagnid nú! Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.

Kom þú með dag á dimma jörð,
þín væntir öll þín veika hjörð.
Lækna þrautir og þerra tár,
græð þú, Kristur, öll dauðans djúpu sár.
Ó, fagnid nú! Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.

Kom þú, kom, ó, Davíðs arfi dýr,
því máttinn þinn allt myrkur flýr.
Lát þú opnast þíns himins hlið,
kom, Guðs sonur, með frelsi þitt og frið.
Ó, fagnid nú! Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.

Nóttin var sú ágæt ein

Sigvaldi Kaldalóns, forspil og yfirrödd eftir Atla Heimi Sveinsson. Einar Sigurðsson í Eydölum orti.

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautar mein
að þekka' hann ei sem bæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

María fer um fjallaveg

Johannes Eccard. Ludwig Helmbold orti, Sigurbjörn Einarsson þýddi.

María fer um fjallaveg
til frænku er hét Elísabet.
Sú fagnar henni mest sem má:
„Móður Drottins nú séð ég get,
sem verða mun vegsamleg.“
María varð glöð og sæl og hún söng:
„Mín önd skal mikla Drottin,
minn andi í Guði gleðjast.
Hann er mín hjálp,
hans hulda ráð
er heilög líkn
og eilíf náð.“

Tökum þar undir allir nú
í andans tæra fjallablæ.
Hefjum upp rödd og hjarta með,
heilagur andi lífgi geð,
svo rísi eins og sól úr sæ
vor söngur upp í hreinni trú:
„Mín önd skal mikla Drottin,
minn andi í Guði gleðjast.
Hann er mín hjálp,
hans hulda ráð
er heilög líkn
og eilíf náð.“

Einu sinni í ættborg Davíðs

Henry John Gauntlett, Sir David Willcocks útsetti. Cecil Frances Alexander orti, séra Friðrik Friðriksson þýddi.

Einu sinni í ættborg Davíðs
ofur hrörlegt fjárhús var,
fátæk móðir litverp lagði
lítið barn í jötu þar,
móðir sú var meyja hrein,
mjúkhent reifum vafði svein.

Kom frá hæðum hingað niður
hann sem Guð og Drottinn er,
jatan varð hans vaggan fyrsta,
vesælt skýli kaus hann sér.
Snauðra gekk hann meðal manna,
myrkrið þekkti ei ljósið sanna.

Móður blíðri barnið helga
bernsku sinnar dögum á
hlýðni sýndi og virðing veitti,
vann það starf er fyrir lá.
Kristin börn í bernskurann
breyta vilja eins og hann.

Loks vér sjá hann fáum frelsuð
fyr' hans blóð og sáttargjörð,
því það barn, svo blítt og hlýðið,
ber nú allt á himni og jörð,
börn sín leiðir áfram öll
upp til sín í dýrðarhöll.

Betlehemsstjarnan

Áskell Jónsson. Úlfur Ragnarsson orti.

Lýsir af himni lífsins bjarta stjarna,
leiðsögn sem aldrei í myrkriinu brást,
til hans, sem er yndi allra jarðar barna.
Enginn í heiminum göfugri sást.

Ástúðin er hann, inn í hjörtun fer hann.
Umhyggju ber hann í brennandi ást.

Vertu sem barnið, bara fylgdu honum,
byrðum hann léttir af öllum sem þjást,
veitir þér huggun, hjartað fyllir vonum.
Himinsins stjörnur í augunum sjást.

Ástúðin er hann, inn í hjörtun fer hann.
Umhyggju ber hann í brennandi ást.

Mig haldi dimm og döpur nótt

Johannes Eccard. Paul Gerhardt orti, Sigurbjörn Einarsson þýddi.

Mig haldi dimm og döpur nótt
og dauðans broddur nísti,
en þú mig fannst, og þýtt og hljótt
af þínum degi lýsti.

Ó, sól míns lífs, ég lofa þig,
sem lífgar, frelsar, blessar mig
með guðdómsgeislum þínum.

Hin fegursta rósín er fundin

Úr sálmabók Josephs Klugs frá 1542, Michael Praetorius útsetti. Hans Adolph Brorson orti, Helgi Hálfánarson þýddi.

Hin fegursta rósín er fundin
og fagnaðarsæl komin stundin.
Er frelsarinn fæddist á jörðu,
hún fannst meðal þynanna hörðu.

Þú, rós mín, ert ró mínu geði,
þú, rós mín, ert skart mitt og gleði,
þú harmanna beiskju mér bætir,
þú banvænar girndir upprætir.

Lýs, milda stjarna, leiðir jarðar allar.
Leys hverja deilu, er mennirnir kljást.
Líknaðu þreyttum þegar degi hallar.

Við þröskuldinn hinsta skal sigurinn nást.

Ástúðin er hann, inn í hjörtun fer hann.
Umhyggju ber hann í brennandi ást.

Þótt heimur mig hamingju sneyði,
þótt harðir mig þynarnir meiði,
þótt hjartanu' af hrellingu sviði,
ég held þér, mín rós — og ei kvíði.

I know that my Redeemer liveth

úr Messíasi, HWV 56
Georg Friedrich Händel. Úr Jobsbók 19.25–26 og fyrra Korintubrési 15.20.

I know that my Redeemer liveth,
and that He shall stand at the latter day upon the earth.
And though worms destroy this body,
yet in my flesh shall I see God.

For now is Christ risen from the dead,
the first fruits of them that sleep.

Jólagjöfin

Hörður Áskelsson. Sverrir Pálsson orti.

Vetrardaginn dimman
dapur vindur hvín,
freðna jörðu felur
fannhvítt mjallarlín.
Skýjhrannir hylja
himinljósinn björt.
Nú fer senn að nálgast
nóttin svört.

Gerast allt í einu
undur dásamleg,
stjómuleiftur lýsa
langt í austurveg.
Ótal englaraddir
óma blítt og þýtt,
friður yfir öllu,
allt er nýtt.

O magnum mysterium

Morten Lauridsen. Latneskur víxlsöngur frá miðöldum.

O magnum mysterium,
et admirabile sacramentum,
ut animalia viderent Dominum natum,
jacentem in praesepio:
Beata Virgo, cujus viscera meruerunt
portare Dominum Jesum Christum.
Alleluja!

Ég veit að lausnari minn lifir
og hann mun síðastur ganga fram á foldu.
Eftir að þessi húð mín er sundurtætt
og allt hold er af mér mun ég líta Guð.

En nú er Kristur upprisinn frá dauðum,
frumgróði þeirra sem sofnuð eru.

Fjármenn glaðir finna
fæddan bjartan svein,
hann er heimsins barna
hjálparvonin ein.
Liggur lágt í jötu,
ljós úr augum skín,
elska hans til okkar
aldrei dvín.

Get ég goldið honum?
Gulls ég fór á mis,
mirru á ég enga
né eiminn reykelsis.
Eina gjöf þó get ég
gefið nú og hér:
hjarta barns, sem býr í
brjósti mér.

Ó, mikli leyndardómur
og undraverða dásamdarverk,
að dýrin skyldu mega sjá Drottin nýfæddan
og liggjandi í jötu:
Blessuð er mærin sem undir belti mátti
bera Drottin Jesúm Krist.
Hallelúja!

Wexford Carol

Írskt þjóðlag fornt og þjóðvísa, John Rutter útsetti. Trausti Þór Sverrisson þýddi.

Good people all, this Christmas time,
Consider well and bear in mind
What our good God for us has done,
In sending his beloved Son.
With Mary holy we should pray
To God with love this Christmas Day;
In Bethlehem upon that morn
There was a blessed Messiah born.

The night before that happy tide
The noble virgin and her guide
Were long time seeking up and down
To find a lodging in the town.
But mark how all things came to pass:
From ev'ry door repell'd, alas!
As long foretold, their refuge all
Was but an humble oxen stall.

Near Bethlehem did shepherds keep
Their flocks of lambs and feeding sheep;
To whom God's angels did appear,
Which put the shepherds in great fear.
'Prepare and go', the angels said,
'To Bethlehem, be not afraid;
For there you'll find, this happy morn,
A princely babe, sweet Jesus born.'

With thankful heart and joyful mind
The shepherds went the babe to find,
And as God's angel had foretold,
They did our Saviour Christ behold.
Within a manger he was laid,
And by his side the virgin maid,
Attending on the Lord of life,
Who came on earth to end all strife.

Nú játum þrúða jólastund
og jafnan minnumst glaðri lund
að Drottinn barnið sitt oss bauð
sem blessuð móðir ól í nauð.
Því biðjum vér með dáða drós
á degi jóla við guðdómsljós;
hún fæddi í döggun fríðan svein
er frelsi bauð frá synda grein.

En áður rynni dagur dýr
há dyggða blómi, fagur, nýr,
með förunaut að skjóli skjótt
hún skimar þessa myrku nótt.
En rætast skyldu ritningar:
Frá ranni hverjum þeim snúið var,
að lokum ganga' í lambhús inn
svo lagst þar fái meyján svinn.

Í Betlehems haga' um sauðahjörð
nú hirðar kyrrir stóðu vörð,
en engill Guðs þá færði fregn
og feikn þeim bauð, sá himnaþegn:
Í Davíðsborg, var kveðjan kær,
að Kristur lægi í jötu vær;
„þar bólið finnið frelsarans
á fögrum degi Guðs og manns.“

Með þakklátt hjarta og ljúfa lund
þeir litla barnsins gengu á fund,
og heima engilsorðið stóð,
þeir endurlausnar litu jóð.
Þar heyi sonur huldust skær,
og hörðum stalli er meyjá nær
að hugga góðan græðarann
sem glæddi líf og frið oss vann.



Það aldin út er sprungið

Þýskt lag frá 16. öld, Michael Praetorius útsetti. Ókunnur höfundur orti fyrra vers en Friedrich Layritz hið seinna, Matthías Jochumsson þýddi.

Það aldin út er sprungið
og ilmar sólu mót,
sem fyrr var fagurt sungið
af friðri Jesse rót.
Og blómstrið það á þrótt
að veita vor og yndi
um vetrar miðja nótt.

Þú ljúfa liljurósín,
sem lífgar helið kalt
og kveikir kærleiksljósín
og krýnir lífið allt.
Ó, Guð og maður, greið
oss veg frá öllu illu
svo yfirvinnum deyð.

Opin standa himins hlið

Franskt lag frá 16. öld, Charles Wood útsetti. George Ratcliffe Woodward orti, Sigurður Pálsson þýddi.

Opin standa himins hlið
í helgum dýrðarljóma.
Loftin öll þau óma við,
þar englatungur hljóma.

Gloria! Osanna in excelsis!

Allt sem lifir, undur blítt,
í auðmýkt Drottnei syngi.
Ótal raddir ómi þýtt
og allar klukkur hringi.

Gloria! Osanna in excelsis!

Ó, helga nótt

Adolphe Adam. Placide Cappeau, Sigurður Björnsson þýddi.

Ó, helga nótt, þín stjarna blikar blíða
þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauða myrkrum daprar þjóðir stríða
uns Drottinn birtist sinni barnahjörð.
Nú glæstar vonir gleðja hrjáðar þjóðir
því guðlegt ljós af háum himni skín.

Föllum á kné,
nú fagna himins englar.
Frá barnsins jötu
blessun streymir blítt og hljótt til þín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Vort trúarljós, það veginn okkur vísi,
hjá vöggum Hans við stöndum hrærð og klökk,
og kyrrlát stjarna kvöldisins öllum lýsi
er koma vilja hér í bæn og þökk.
Nú konungurinn Kristur, Drottinn, fæddist,
hann kallar oss í bróðurbæn til sín.

Föllum á kné,
nú fagna himins englar.
Hjá lágum stalli
lífsins kyndill ljómafagur skín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Guðs kristni í heimi

Lag eignað John Francis Wade, Sir David Willcocks útsetti og samdi yfirrödd. Texti eignaður John Francis Wade, Valdimar V. Snævarr þýddi.

Guðs kristni í heimi, krjúp við jötu lága.
Sjá, konungur englanna fæddur er.
Himnar og heimar láti lofgjörð hljóma.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Hann ljós er af ljósi, Guð af sönnum Guði,
einn getinn, ei skapaður, sonur er.
Orðið varð hold í hreinnar meyjjar skauti.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Sjá, himnarnir opnast. Hverfur nætursorti,
og himneskan ljóma af stjörnu ber.
Heilagan lofsöng himinhvolfin óma.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Á Betlehemsvöllum hirðar gættu hjarðar.
Guðs heilagur engill þeim fregn þá ber.
Fæddur í dag er frelsari vor Kristur.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Já, dýrð sé í hæðum Drottnei, Guði vorum,
og dýrð sé hans syni, er fæddur er.
Lofsöngvar hljómi. — Himinhvolfin ómi:
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Ó, dýrð í hæstu hæðum.
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.



Herdís Anna Jónasdóttir, sópran

Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði. Hún fór í framhaldsnám í söng við Listaháskóla Íslands og Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Hún lauk prófi þaðan árið 2012 með ágætiseinkunn og var þá ráðin að óperustúdíóinu við Zürich-óperuna þar sem hún vann til að mynda með Fabio Luisi og Brigitte Fassbaender. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands, en er nú sjálfstætt starfandi og býr í Þýskalandi. Herdís hefur tekið þátt í óperuuppfærslum í Þýskalandi, á Íslandi og í Sviss. Meðal helstu hlutverka hennar eru Violetta í La traviata, Adina í Ástardrykknum, Despina í Così fan tutte, Zerlina í Don Giovanni, Oscar í Grímudansleiknum og Musetta í La bohème. Herdís hefur komið fram á tónleikum með Kammersveit Reykjavíkur, Ríkishljómsveit Saarlands, Sinfóníuhljómsveit Færeyja, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra. Árið 2012 var Herdís í hlutverki Musettu í La bohème í Íslensku óperunni. Árið 2019 var hún þar í hlutverki Violettu í La traviata og hlaut Grímuverðlaunin fyrir sem söngvari ársins. Herdís hefur áður komið fram með Mótettukórnum; hún tók þátt í frumflutningi verksins Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson á Kirkjulistahátíð í júní 2019 og söng í Messíasi eftir Händel með kórnum í desember það ár. Þá söng Herdís í Jólaóratóriu Bachs með Mótettukórnum í Hörpu við upphaf aðventu í ár. Herdís var félagi í kórnum um skeið á námsárum sínum.



Lára Bryndís Eggertsdóttir, orgelleikari

Lára Bryndís Eggertsdóttir byrjaði ung að læra á píanó og 14 ára gömul tók hún fyrstu skrefin sem afleysingaorganisti í Langholtskirkju. Hún lauk einleikarprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar með hæstu einkunn vorið 2002 undir handleiðslu Harðar Áskelssonar. Lára Bryndís flutti árið 2018 aftur heim til Íslands eftir tíu ára búsetu í Danmörku þar sem hún lauk meistaraþrófi í kirkjutónlist frá Tónlistarháskólanum í Árósum vorið 2014. Aðalkennarar hennar þar voru Ulrik Spang-Hanssen og Lars Colding Wolf. Einnig starfaði hún sem organisti við Sønderbro-kirkju í Horsens og sem samballeikari hjá barokksveitinni BaroqueAros í Árósum. Fyrst eftir heimkomuna var Lára Bryndís organisti í Hjallakirkju í Kópavogi, en starfar nú tímabundið við Neskirkju í Reykjavík uns hún tekur við stöðu organista og kórstjóra í Grafarvogskirkju á næsta ári. Meðfram organistastörfum kennir Lára Bryndís orgelleik við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hún hefur haldið fjölmarga einleikstónleika á orgel, bæði hérlendis og á Norðurlöndum. Árið 2014 stóð hún fyrir tónlistarverkefninu Ég heyrði þytinn frá vængjum þeirra þar sem sjö íslensk tónskáld sömdu orgelverk að beiðni Láru Bryndísar sem gefin voru út á samnefndum geisladiski.



Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson er stofnandi og stjórnandi Mótettukórsins og Schola Cantorum. Hann var organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því að hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982 fram til ársins 2021, en sjálfstætt starfandi tónlistarmaður síðan. Hörður gegndi lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju — nú Listvinafélagsins í Reykjavík —, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars. Árið 1982 stofnaði hann Mótettukórinn og kammerkórinn Schola Cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt margar helstu perlor kórtónbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Söng kóranna má heyrna á mörgum hljómdiskum. Hörður hefur stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann og kórana hans. Má þar nefna tónskáldin Þorkel Sigurbjörnsson, John Speight, Sigurð Sævarsson, Hafliða Hallgrímsson, Áskel Másson og Hauk Tómasson. Hörður hefur stýrt fyrsta flutningi á Íslandi á nokkrum stórum óratórium og kórverkum, einkanlega frá barokktímanum, og má þar nefna Sál, Jósúa, Ísrael í Egyptalandi og Salómon eftir Händel, Requiem eftir Campra og Pál postula eftir Mendelssohn. Hörður hefur æft báða kóra sína fyrir flutning fjölmargra verka með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði í Háskólabíói og Hörpu. Þungamiðja í þeirri vinnu hefur verið flutningur

og upptökur á nær öllum verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit, sem gefin hafa verið út á mörgum hljómdiskum hjá útgáfufyrirtækinu BIS í Svíþjóð. Á meðal helstu verka þeirrar útgáfu eru Edda I, Edda II (sem kom út 2019), Íslandskantata, Baldur og Hafís. Sem organisti hefur Hörður átt farsælan feril, haldið orgeltónleika víða, frumflutt tónverk margra íslenskra tónskálda og leikið inn á hljómdiska, bæði sem einleikari og meðleikari. Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002. Árið 2022 mun Hörður stjórna frumflutningi á nýrri óratóriu eftir Huga Guðmundsson, The Gospel of Mary, á listahátíðum í Ósló, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Þá mun hann stjórna flutningi á Mariúvesper eftir Monteverdi, Vespro della Beata Vergine, þar sem fram koma Schola Cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík og norrænn blásarahópur.

Mótettukórinn

Sópran

Alís Heiðar
Anna Samúelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldóra Björk Friðjónsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
María Konráðsdóttir
Šárka Wohlmuthová
Unnur Hjálmarsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
Þóra Björk Ólafsdóttir

Alt

Anna Lilja Torfadóttir
Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir
Björg Sigurðardóttir
Bryndís Bergþórsdóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

Tenór

Andrés Narfi Andrésson
Gunnar Thor Örnólfsson
Hafsteinn Már Einarsson
Hjálmar Benónýsson
Ingibjartur Jónsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Óskar Völundarson
Páll Sólmundur Eydal
Sigurjón Jóhannsson
Vikingur Viðarsson
Þórhallur Vilhjálmsson

Bassi

Arnar Freyr Kristinsson
Atli Sævar Ágústsson
Atli Freyr Steinþórsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Pétursson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Ingólfur Jóhannesson
Kjalar Martinsson Kollmar
Martin Kollmar
Snorri Sigurðsson
Sveinn Ingi Reynisson

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra á Íslandi. Hann var til heimilis í Hallgrímskirkju frá stofnun og fram til ársins 2021. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en einnig kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur haldið tónleika erlendis og tekið þátt í kórakeppnum, síðast í Lettlandi haustið 2018. Árið 2014 var Mótettukórinn útnefndur besti kórinn í keppniinni Cançó Mediterrània á Spáni. Hljómplötur með söng kórsins hafa hlotið góðar viðtökur heima og erlendis, einkanlega plötur með verkum eftir Duruflé og Hafliða Hallgrímsson. Jólplötur Mótettukórsins hafa notið mikilla vinsælda enda eru jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur á adventunni. Meðal stærri verkefna undanfarin ár má geta flutnings kórsins á óratóriunni Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð árið 2015, en fyrir flutninginn var

kórinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Árið 2016 flutti kórinn Te Deum eftir Charpentier og Messu í F-dúr eftir Bach á þrjátíu ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju. Kórinn hefur reglulega komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, til að mynda á Listahátíð árið 2018 í Sinfóníu nr. 2 eftir Mahler. Þá flutti kórinn H-moll-messu Bachs á 35 ára afmæli kórsins með Alþjóðlegu barokksveitinni árið 2017. Á Kirkjulistahátíð 2019 frumflutti kórinn óratóriuna Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson sem sagt var „sérlega tilkomumikið“ verk í blaðagagnrýni. Kórinn kom fram á tónleikunum Klassíkin okkar með Sinfóníuhljómsveit Íslands haustið 2020, flutti tónlist eftir Bach og Schütz á vortónleikum sínum 2021 og söng í 9. sífóníu Beethovens með Sí nú í haust. Við upphaf adventu í ár flutti kórinn Jólaóratóriu Johanns Sebastians Bachs í Hörpu með Alþjóðlegu barokksveitinni. Þá eru fjörutíu ára afmælistónleikar kórsins fyrirhugaðir í Hörpu í maí árið 2022.



Listvinafélagið í Reykjavík

Listvinafélagið í Reykjavík — áður Listvinafélag Hallgrímskirkju — var stofnað haustið 1982 með það að markmiði að efla listalíf við Hallgrímskirkju. Má með sanni segja að Listvinafélaginu hafi tekist það með því að byggja upp öflugt og glæsilegt listalíf á vegum félagsins í Hallgrímskirkju í tæpa fjóra áratugi og skipuleggja metnaðarfulla og vandaða listviðburði, sem fylltu kirkjuna af lífi og list. Listvinafélagið hefur nú breytt nafni sínu og sagt skilið við Hallgrímskirkju og var ákvörðun um nafnbreytinguna tekin á fjölmönnum aðalfundi félagsins í Hörpu 26. maí 2021. Tilgangur félagsins verður hér eftir sem hingað til að stuðla að vönduðum listflutningi á Íslandi og að efla túlkun barokktónlistar og nýsköpun í listum. Hröður listastarfsins á vegum Listvinafélagsins hefur borist víða um heim vegna mikils listræns metnaðar og glæsilegrar frammistöðu Mótettukórsins og Schola Cantorum og stjórnanda þeirra Harðar Áskelssonar sem hefur verið listrænn stjórnandi félagsins frá upphafi. Einnig bera allir þeir fjölmörgu íslensku og erlendu listamenn sem komið hafa fram á vegum félagsins í árunna rás — þar á meðal eftirsóttir alþjóðlegir konsertorganistar, einsöngvarar í

fremstu röð og félagar í Alþjóðlegu barokksveitinni — vitni um hið mikla og vandaða starf sem farið hefur fram á vegum félagsins. Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík, sem fyrst kenndi sig við Den Haag og síðar Hallgrímskirkju, er skipuð afburðahljóðfæraleikurum sem starfa með mörgum frægustu barokkhópum og stjórnendum heims. Sveitin heldur áfram að starfa undir stjórn Harðar Áskelssonar. Listvinafélagið heldur einnig áfram að skipuleggja stóra viðburði með þekktum erlendum og íslenskum einsöngvurum og hljóðfærahópum í samvinnu við Mótettukórinn og Schola Cantorum. Nú er verið að leggja lokahönd á þriggja ára samstarfssamning Listvinafélagsins við Hörpu, en boð um samstarf kom til forsvarsmanna Listvinafélagsins frá Svanhildi Konráðsdóttur, forstjóra Hörpu. Stefnt er að tveimur stórum viðburðum á ári í tónlistarhúsinu auk annarra smærri tónleika. Samningurinn verður kynntur betur innan tíðar. Allir geta orðið félagar í Listvinafélaginu án tillits til búsetu, en félagar mynda með árgjöldum sínum fjárhagslegt bakland fyrir öflugt starf félagsins.

Þakkir

Hröður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórsins
Inga Rós Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Listvinafélagsins í Reykjavík
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, hönnuður kynningarefnis
Atli Freyr Steinþórsson, ritstjóri efnisskrár

Stjórn Mótettukórsins:

Auður Perla Svansdóttir, formaður
Halla Björgvinsdóttir, varaformaður og ritari
Hrólfur Gestsson, gjaldkeri
Eðvarð Ingólfsson, meðstjórnandi
Bryndís Bergþórsdóttir, meðstjórnandi
Ásdís Kristmundsdóttir, varamaður
Šárka Wohlmuthová, varamaður

Stjórn Listvinafélagsins í Reykjavík:

Hröður Áskelsson, listrænn stjórnandi
Inga Rós Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri
Alexandra Kjeld, formaður
Helgi Steinar Helgason, varaformaður og ritari
Auður Perla Svansdóttir
Halldór Hauksson
Ágúst Ingi Ágústsson
Benedikt Ingólfsson
Halla Björgvinsdóttir
Rósa Gísladóttir

Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytis
Reykjavíkurborg
Kynningarnefnd Mótettukórsins
Skreytingarnefnd Mótettukórsins
Litróf — Guðjón Ó

Helga Sigríður Þórsdóttir
Menntaskólinn við Sund
Fríkirkjan í Reykjavík
Gunnar Gunnarsson
Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut



Fram undan á 40. starfsári Listvinafélagsins



Fjörutíu ára afmælistónleikar Mótettukórsins

Í maí 2022 í Norðurljósum í Hörpu.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Fluttar verða margar perlur kórtónbókmenntanna sem kórinn hefur sungið á fjörutíu ára ferli sínum.

The Gospel of Mary

Tónleikar í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík. Mánudaginn 6. júní 2022, annan hvítasunnudag, í Hallgrímskirkju.

Flytjendur: Schola Cantorum, norska sópransöngkonan Berit Norbakken og Sinfóníettan í Ósló. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Frumflutningur hérlendis á nýrri óratóriu eftir Huga Guðmundsson sem Listvinafélagið pantaði. Verkið verður frumflutt á Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Ósló 20. mars 2022 og mun Listvinafélagið skipuleggja hópferð listvina á hátíðina. Óratórian verður einnig flutt á nútímatónlistarhátíðinni KLANG í Kaupmannahöfn í júní 2022. Ráðgert er að verkið verði tekið upp á geisladisk í Danmörku að tónleikunum loknum.



Sumartónleikar í Hörpu

Í júlí og ágúst 2022.

Flytjendur: Schola Cantorum og Mótettukórinn.

Fyrirhugað er að kórnir tveir haldi sumartónleika í Hörpu.



Mariúvesper eftir Monteverdi

Sunnudaginn 25. september 2022 kl. 17.

Flytjendur: Schola Cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík og bláarahópurinn Scandinavian Cornetts and Sackbuts.

Leiðari: Lene Langballe. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Hið undurfagra meistaraverk Monteverdis flutt sem hann lauk við árið 1610, á mótum endurreisnar og barokks, og hefur orðið eitt þekktasta verk tónlistarsögunnar.